

<b>Ár:</b>	1. ár.
<b>Önn:</b>	Vorönn.
<b>Stig námskeiðs:</b>	Grunnnám - grunnnámskeið.
<b>Tegund námskeiðs:</b>	Skyldunámskeið.
<b>Undanfarar:</b>	Tölvustudd hönnun í Revit og Autocad.
<b>Skipulag:</b>	Kennt í fjarnámi í 15 vikur, tvær staðarlotur.
<b>Umsjónarkennari:</b>	Aldís Ingimarsdóttir.
<b>Kennari:</b>	Jón Bryngeir Skarphéðinsson.

**Lærdómsviðmið:** Stefnt er að því að nemendur:

- Þjálfist í samsetningu byggingahluta út frá megin burðarkerfi mannvirkis.
- Öðlist grunnþekkingu á mismunandi byggingarefnum við gerð deiliteikninga.
- Teikni einfalda byggingarhluti (deili/sérteikningar).
- Hljóti með því grunnþjálfun í gerð sérteikninga.
- Fá skilning á þörf fyrir sérfræðiaðstoð við úrlausn á byggingarfræðilegum vandamálum.
- Kynnist byggingafræðilegum lausnum í manngerðu umhverfi nútímans, sem og í ljósi sögunar.
- Fá innsýn í það laga- og reglugerðarumhverfi er snýr að sérteikningum.
- Þekki það samskiptaferli sem eiga þarf við opinbera aðila vegna verklegra framkvæmda.
- Geti unnið sjálfstætt út frá frumgögnum ( t.d. aðaluppdráttum).
- Geti sjálfstætt unnið að byggingarfræðilegum úrlausnum.
- Geti lagt fram valkosti á tæknilegum frágangi.

**Lýsing:** Markmið þessa áfanga er að nemandi kynnist og geti útfært byggingartæknilegar frágangslausnir við mannvirkjagerð. Á grundvelli eðlis- og efnafræði mannvirkis skal nemandi geta leyst verkefni sem lúta að fjölmörgum frágangsatríðum þess. Nemandi skal á grundvelli frumgagna geta nálgast lausnir á byggingartæknilegum atriðum er varða eðlisfæði og ekki síður fagurfræði mannvirkis. Farið verður yfir byggingartæknilegar lausnir í sögulegu samhengi og á grundvelli nútíma tækni. Kynnt verða klassísk form í arkitektúr og kröfur þeirra til tæknilegs frágangs.

**Lesefni:** Gögn sem kennari gerir aðgengileg á kennsluvef. Birtur verður bókalisti yfir æskilegar handbækur.

**Kennsluaðferðir:** Kennt í fjarnámi í 15 vikur, tvær staðarlotur. Fyrirlestrar, sýnidæmi, verkefni og úrlausnir í staðarlotum og gegnum rafrænt kennslukerfi. Náms efni á kennsluvef sem fylgt er eftir með reglulegum skilaverkefnum yfir önnina. Leiðbeiningar frá kennara á kennsluvef, náms efni á hljóðglærum, umræðuþræðir. Vikulegir viðtalstímar.

**Námsmat:** Nemandi skilar alls fimm verkefnum. Öll verkefni sem lögð eru fyrir koma til mats. Til að standast námskeiðið þarf að ná lágmarkseinkunn 5,0 skv. meðaltali allra námsþátta og hafa skilað öllum verkefnum (100% verkefnaskil). Hvert verkefni hefur 20% vægi.

**Tungumál:** Íslenska.